

Söngtextar í kirkjuferð 3.desember

Hátíð fer að höndum ein

Íslenskt þjóðlag
Gömul þjóðvísa

Hátíð fer að höndum ein,
hana vér allir þrýðum.
Lýðurinn tendri ljósin hrein,
líður að tíðum,
líður að helgum tíðum.

Gerast mun nú brautin bein,
bjart í geiminum víðum.
Ljómandi kerti á lágri grein,
líður að tíðum,
líður að helgum tíðum.

Við kveikjum einu kerti á

Lag: Emmy Köhler
Ljóð: Sigurd Muri
Þýðing: Lilja S. Kristjánsdóttir

Við kveikjum fyrsta kerti á,
það kennt við spádóm er
Um fátækt barn í fjárhúskró
með frið í hjarta sér.

Bjart er yfir Betlehem

Lag: höfundur ókunnur
Ljóð: Ingólfur Jónsson frá Prestsbakka

Bjart er yfir Betlehem,
blikar jólastjarna.
Stjarnan mín og stjarnan þín,
stjarna allra barna.
Var hún áður vitringum
vegalljósið skæra.
Barn í jötu borið var,
barnið ljúfa kæra.

Víða höfðu vitringar
vegi kannað hljóðir,
fundið sínum ferðum á
fjöldamargar þjóðir.
Barst þeim allt frá Betlehem
birtan undur skæra.
Barn í jötu borið var,
barnið ljúfa kæra.

Barni gjafir báru þeir.
Blítt þá englar sungu.
Lausnaranum lýstu þeir,
lofgjörð drottni sungu.
Bjart er yfir Betlehem,
blikar jólastjarna.
Stjarnan mín og stjarnan þín,
stjarna allra barna.

Nóttin var sú ágæt ein

Lag: Sigvaldi S. Kaldalóns
Ljóð: Einar Sigurðsson frá Eyðölum

Nóttin var sú ágæt ein,
í allri veröld ljósið skein,
það er nú heimsins þrautarmein
að þekkja hann ei sem bæri.
∴ Með vísnasöng
ég vögguna þína hræri. ∴

Fjármenn hrepptu fögnuð þann,
þeir fundu bæði Guð og mann,
í lágan stall var lagður hann,
þó lausnari heimsins væri.
∴ Með vísnasöng
ég vögguna þína hræri. ∴

Heims um ból

Lag: Franz Grüber
Ljóð: Sveinbjörn Egilsson

Heims um ból, helg eru jól,
signuð mæð son Guðs ól,
frelsun mannanna, frelsisins lind,
frumglæði ljóssins,

en gjörvöll mannkind
;,: meinvill í myrkrunum lá. ,,:

Heimi í hátíð er ný.
Himneskt ljós lýsir ský.
Liggur í jötunni lávarður heims,
lifandi brunnur hins andlega seims,
;,: konungur lífs vors og ljóss. ,

Heyra má himnum í frá
englasöng: Allelújá.
Friður á jörðu því faðirinn er
fús þeim að líkna, sem tilreiðir sér
;,: samastað syninum hjá. ,,: